

## AUGLÝSING

um breytingar á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings, nr. 949/2009,  
með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 22. gr. starfsreglnanna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Heimilt er forsætisnefnd að ákveða að störf kirkjuþings fari fram með fjarfundarbúnaði þegar sérstakar aðstæður krefjast þess. Forseta kirkjuþings er heimilt að samþykka að einstakir kirkjuþingsfulltrúar, sem þess óska, geti tekið þátt í störfum þingsins með fjarfundarbúnaði, kosið og greitt atkvæði með handauppréttingu eða rafrænum hætti.

2. gr.

Á eftir 2. másl. 1. mgr. 23. gr. starfsreglnanna kemur nýr málslíður, svohljóðandi:  
Starfi kirkjuþing með fjarfundarbúnaði, fara kosningar fram með rafrænum hætti.

3. gr.

Á eftir 2. másl. 1. mgr. 33. gr. starfsreglnanna kemur nýr málslíður, svohljóðandi:  
Starfi kirkjuþing með fjarfundarbúnaði, fara atkvæðagreiðslur fram með handauppréttingu eða rafrænum hætti.

4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-  
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, sbr. ákvæði til bráðabirgða XIII, sbr. 3. gr.  
laga nr. 95/2020, öðlast gildi við birtingu.

*Reykjavík, 12. ágúst 2020.*

**Agnes M. Sigurðardóttir,**  
biskup Íslands og forseti kirkjuráðs.

**Drífa Hjartardóttir**  
forseti kirkjuþings.